

# Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 19. maí 2015 á Kjóavöllum.

## 6. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Hermann Vilmundarson, Lárus Finnbogason, Sigurður Tyrfingsson og Magnús Benediktsson framkv.stj. Ragna Emilsdóttir, Kristín Njálsdóttir og Ólafur Blöndal boðuðu forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Dagskrá næstu vikna, skipulag og skipting verka.  
Bókun veislusalar góð næstu vikur og mánuði samþykkt að hækka leigu um 10% vegna aukinns kostnaðar við útleigu.
3. Kynbótasýning verður haldin 28 til 29 maí lítil skráning á sýninguna sem helgast meðal annars af verkfalli dýralækna.
4. Lárus gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins – greiðsluselðlar vegna firmakeppni verða sendi út í vikunni, félagsgjöld farin að skila sér.
5. Mót á næstunni
  - a. Gæðingamót mótanefnd sér um framkvæmd þess allt í góðum farvegi þar
  - b. Íþróttamótið og úrtakan. Framkvæmd þess mót verður í höndum Íslandsmótsnefndar og mótanefndar, vinna kopmin á fullt skrið.
  - c. Íslandsmótsnefnd, byrjuða að vinna undirnefndir farnar að funda.
6. Áhugamannadeildin. Stjórn áhugamannadeildar farin að undirbúa næsta ár og stefnir að því að kynna framkvæmkvæmdaáætlun fyrir 15. Júní nk
7. Vellir og dómpallur. Verið er að ljúka smíði á nýjum dómpalli sem væntanlega verður tilbúinn fyrir helgi. Búið að steypa plötu undir dómpall niðri á mönini milli vallanna og verður dómpallurinn sem er við gamla völlinn vestast í hverfinu fluttur þangað á næstu dögum. Efni í afmarkanir á keppnisvöllunum komið í hús og verður byrjað á að setja það niður núna í vikunni.
8. Lokaúttekt reiðhallar. Fundað um það í vikulok
9. Fatamál Sprettis. Kvinnadeild Sprettis hefur tekið að sér að sjá um fatamál fyrir Sprett og sjá um að gera samn inga við birgja. Ragna verður tengiliður stjórnar við kvinnadeild vegna þessara mála.
10. Beitarmál. Stjórn Sprettis ítrekar að óheimilt er að setja upp beitarhólfsgirðingar á félagssvæði Sprettis án samráðs við framkvæmdastjóra félagsins. Setja þarf tilkynningu þess efnis á heimasíðu félagsins og FB. Framkvæmdastjóra falið að meta áburðarþörf í beitarhólf

11. Markaðsstofa Kópavogs boðar íþróttafélög í Kópavogi til fundar næst komandi föstudag.

Framkvæmdastjóri fer á fundinn fyrir hönd Spretts

12. Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:20

Fundargerð ritaði Hermann Vilmundarson